

SAMÞYKKTIR

fyrir

Frumtök



1. gr.***Heiti***

Samtökin eru samtök framleiðenda frumlyfja og heita Frumtök.

2. gr.***Aðsetur***

Skrifstofa samtakanna er með skráð heimilisfang í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík.

3. gr.***Tilgangur***

Markmið samtakanna er að vinna að hagsmunum lyfjaiðnaðar sem byggir á rannsóknum á Íslandi og á milli Íslands og annarra landa, þar með talið rannsóknir og þróun lyfja, framleiðsla, sala, lagaleg vernd og að sinna viðfangsefnum í viðskiptum, stjórnámálum og samfélagsmálum. Samtökin skulu veita aðilum upplýsingaþjónustu.

4. gr.***Aðild***

Aðild má veita fyrirtækjum, þar með talið dótturfyrirtækjum og fyrirtækjum sem selja lyf á Íslandi, án tillits til þess hvort fulltrúi viðkomandi fyrirtækis sinni ákveðnum markaðsaðgerðum.

Ef fyrirtækið er fyrirtækjahópur skal hópurinn sjálfur ákveða hvort aðild skuli vera á hendi dótturfyrirtækis hópsins eða útibús.

Fyrirtæki, þar með talin útlend fyrirtæki, mega velja þann kost að fulltrúi þeirra hjá samtökunum sé fyrirtæki sem selja lyf fyrir þeirra hönd (íslenskir umboðsaðilar). Slík aðild skal aðeins heimilud með skriflegu samþykki aðilans sem umboðið veitir og aðeins ef það fyrirtæki er ekki sjálft aðili að samtökunum.

Tengd fyrirtæki/aðilar að fyrirtækjahópum skulu aðeins hafa eina aðild. Þó getur félagsfundur samþykkt aðild fleiri en eins fyrirtækis í fyrirtækjahóp ef fyrirtækin eru að mati félagsfundarins nógu sjálfstæð í rannsóknum, vöruþróun og sölu.

Skal það vera skilyrði fyrir aðild, að fyrirtækið á Íslandi sinni lyfjarannsóknum, lyfjaþróun, lyfjaframleiðslu eða lyfsölu.

Fyrirtæki sem er hluti af opinberri stjórnslu getur ekki verið aðili að samtökunum.

Apótek eða hópar apóteka geta ekki fengið aðild, óháð því hvort þau selji lyf beint eða óbeint í gegnum fyrirtæki þar sem apótek eða hópar apóteka hafa ráðandi stöðu.

Fyrirtæki sem framleiða samheitalyf geta ekki verið aðili að samtökunum. Sama skal eiga við um fyrirtæki sem selja eingöngu samheitalyf.

Umsóknir um aðild skulu sanna að skilyrði um aðild séu uppfyllt. Samtökin mega óska eftir frekari upplýsingum frá umsækjanda.

Nýja aðild má taka fyrir á næsta félagsfundi eða eftir að skriflegar fyrirspurnir hafa verið sendar til allra aðila og án þess að nein andmæli berist við þeim.

5. gr.

Skyldur aðila

Aðili skal ekki aðhafast neitt það sem stangast á við tilgang samtakanna. Rísi mál, er gefi tilefni til upplýsingaöflunar af hálfu skrifstofu samtakanna hjá einstökum aðila samtakanna eða aðilum öllum, skal aðili, að framkominni ósk skrifstofu samtakanna, veita umbeðnar upplýsingar. Framkvæmdastjóri skal einn hafa aðgang að upplýsingum frá einstökum aðilum, en jafnframt hafa heimild til að leita sér utanaðkomandi sérfræðiráðgjafar og álits. Rísi ágreiningur um rættmæti óskar um upplýsingar, skal félagsfundur skera úr um.

6. gr.

Úrsögn og útilokun

Úrsögn úr samtökunum skal vera skrifleg með sex mánaða fyrirvara miðað við árslok.

Aðild að samtökunum skal ljúka ef aðili hættir að vera til sem sjálfstæð lögpersóna eða fer í skiptameðferð, gjaldþrot eða félagsslit með eignauppgjöri.

Aðili skal útilokaður frá samtökunum ef skilyrðin fyrir aðild hafa ekki verið uppfyllt eða ef aðili hefur vanefnt skyldur sínar samkvæmt samþykktunum.

Ákvörðun um útilokun skal tekin á félagsfundum. Ályktun um útilokun skal lögð fram af stjórn eða fjórðungi aðila með atkvæðisrétt.

Ákvörðun um að útiloka fyrirtæki skal taka með einföldum meirihluta á félagsfundum þar sem eru fulltrúar að minnsta kosti tveggja þriðju hluta atkvæðisbærra aðila.

Viðkomandi aðili skal hafa rétt til að greina frá sjónarmiði sínu á félagsfundinum.

Aðildargjöld skal greiða allt fram að útilokunardegi.

7. gr.

Umsóknargjald og aðildargjöld

Nýir aðilar skulu greiða umsóknargjald sem aðalfundur ákveður. Slík gjöld skal ekki greiða í tengslum við stofnun samtakanna.

Greiða skal fast aðildargjald árlega, ásamt breytilegu gjaldi sem fer eftir heildsöluveltu á Íslandi undanfarið almanaksár. Aðalfundur skal ákveða aðildargjöld.

Gjald fyrirtækja með íslenskan umboðsmann sem er fulltrúi þeirra í samtökunum verður reiknað á grunni fasta gjaldsins og breytilega gjaldsins af samanlagðri AIP-veltu alls fyrirtækjahópsins. Við atkvæðagreiðslu telst slíkur hópur fyrirtækja sem umboðsmaðurinn er fulltrúi fyrir einn aðili með eitt atkvæði.

Gjalddagi aðildargjalda skal vera ársfjórðungslega, þannig að á fyrsta ársfjórðungi innheimtist fasta árgjaldið til fulls en veltutengda gjaldið innheimtist í fjórum hlutum, einum á hverjum ársfjórðungi.

Ef aðild að samtökunum er veitt einhvern tíma á almanaksárinu skal greiða hlutfallslegt aðildargjald frá þeim degi sem aðild er samþykkt til loka bókhaldsársins.

Aðalskrifstofan skal reikna og innheimta aðildargjöld. Vexti skal leggja á vangoldin aðildargjöld. Innheimta má gjöld fyrir ítrekanir.

8. gr.

Félagsfundur

A. Æðsta vald

Löglegur félagsfundur hefur æðsta vald í málefnum samtakanna.

B. Aðalfundir og aukafundir

Aðalfund skal halda fyrir lok mars ár hvert. Boða skal til aðalfundar með að minnsta kosti fjórtán daga fyrirvara. Með fundarboði skal fylgja dagskrá aðalfundarins.

Aukafélagsfundi skal halda samkvæmt ákvörðun stjórnar eða að beiðni fjórðungs aðila með atkvæðisrétt. Beiðnina skal leggja fram skriflega og dagskráin tilgreind og síðan skal boða til fundar innan fjórtán daga.

Stjórn samtakanna má boða til aukafélagsfundar hvenær sem er. Fundinn má boða með skemmri fyrirvara en 14 dögum ef aðstæður eru með þeim hætti.

C. Ákvörðunarbær meirihluti og atkvæðagreiðsla

Meirihluti á félagsfundi skal vera ákvörðunarbær þegar að minnsta kosti helmingur aðila er viðstaddur.

Á félagsfundi skal hver aðili hafa eitt atkvæði. Söluumboðsmaður sem er fulltrúi hóps fyrirtækja skal hafa eitt atkvæði fyrir þeirra hönd.

Kosning skal vera skriflega ef aðili óskar eftir því.

Félagsfundurinn ákveður með einföldum meirihluta nema annað sé tilgreint í samþykktunum.

Félagsfundurinn skal tilnefna fundarstjóra sem úrskurðar í öllum deilumálum.

D. Fundarefni

Á aðalfundi skal taka fyrir eftirfarandi efni:

- a. Formaður samtakanna gefur skýrslu um stöðu og rekstur samtakanna á liðnu ári.
- b. Ársreikningar samtakanna fyrir liðið ár, ásamt skýrslu endurskoðanda þeirra skulu lagðir fram til samþykktar.

- c. Ákvörðun fjárhagsáætlunar og félagsgjöld.
- d. Kjósa skal stjórnarmenn.
- e. Tilnefna skal endurskoðanda.
- f. Taka fyrir sérhverja tillögu um ályktun sem borist hefur.
- g. Umræður og kosning um önnur mál ef þau eru löglega borin fram.

E. Fundargerð

Halda skal fundargerð og þar skal rita hvað gerist á félagsfundum. Fundargerðina skal fundarstjóri undirrita.

9. gr. Stjórn

A. Samsetning og kosning

Í stjórn samtakanna skulu vera fimm stjórnarmenn og tveir til vara. Stjórnarmenn og varamenn skulu kosnir á aðalfundi. Hver aðili að samtökunum má aðeins hafa einn fulltrúa í stjórninni.

Umboðsmenn aðila í fyrirtækjahópi skulu ekki kosnir beint í stjórnina. Hins vegar getur fyrirtækjahópurinn sem umboðsmaðurinn er fulltrúi fyrir látið eitt af fyrirtækjunum í hópnum vera fulltrúa sinn. Sá aðili skal tilnefndur á sama grundvelli og aðrir stjórnarmenn.

Stjórnin skal skipuð til tveggja ára. Velja skal tvo stjórnarmenn á ári sem endar á oddatölu og þrjá stjórnarmenn á ári sem endar á jafnri tölu. Stjórnarmenn má endurkjósa. Kjósa skal einn varamann á hverju ári. Fyrstu kosningu fyrstu stjórnar skal halda árið eftir að þessi grein er samþykkt og þeir stjórnarmenn sem fæst atkvæði hljóta skulu fyrstir hætta.

Þeir sem tilnefndir eru til stjórnarsetu skulu vera tilgreindir í aðalfundarboðinu. Stjórnin má tilnefna fleiri en sæti eru fyrir í stjórninni. Aðilar að samtökunum mega tilnefna stjórnarmenn. Nöfn tilnefndra aðila skulu tilkynnt skrifstofu samtakanna að minnsta kosti 21 degi fyrir aðalfund.

Kosning til stjórnar ræðst með einföldum meirihluta. Kosning skal vera skrifleg ef aðili óskar eftir því.

Ef stjórnarmaður segir af sér skal það stjórnarsæti fara til þess varamanns sem flest atkvæði fékk. Ef engir varamenn eru, skal stjórnin sjálf í sameiningu velja annan.

Stjórnarmaður sem valinn er í sameiningu skal sitja í stjórn það sem eftir er af kjörtímabili stjórnarmannsins sem hætti.

B. Stjórnarfundir

Stjórnarformaður skal stjórna stjórnarfundum. Stjórnin skal setja sér frekari starfsreglur.

C. Skyldur stjórnar

Stjórnin á að stýra málefnum samtakanna. Stjórnin skal axla skyldur sínar eitt ár í senn með formanni og einum eða tveimur varaformönnum.

Stjórnin skal vera ákvörðunarbær þegar þrír stjórnarmenn eru viðstaddir.

Mál skulu leyst með einföldum meirihluta atkvæða. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns úrslitum.

Málefni sem rædd eru og ákveðin á stjórnarfundum skal skrá í gerðarbókina.

10. gr.

Nefnd

Stjórnin má skipa nefnd til að sinna skyldum sem stjórnin tiltekur. Stjórnin skal ákveða hverjir skuli vera í nefndinni. Nefndin skal hætta störfum þegar stjórnin ákveður.

11. gr.

Skrifstofa

Stjórnin skal skipa framkvæmdastjóra sem skal bera ábyrgð á stjórn skrifstofunnar.

12. gr.***Undirritunaraðili***

Samtökin skulu skuldbundin þriðja aðila með undirritun formanns og varaformanns eða með undirritun framkvæmdastjóra og formanns eða varaformanns.

13. gr.***Endurskoðandi***

Á aðalfundi samtakanna skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda og skal hann skoða reikninga samtakanna fyrir hvert rekstrarár og leggja niðurstöðu sína fyrir aðalfundinn.

14. gr.***Reikningar***

Fjárhagsár samtakanna skal vera almanaksárið. Stjórn samtakanna skal hafa lokið undirbúningi ársreikninga og lagt þá fyrir endurskoðanda eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

15. gr.***Breytingar á samþykktum og slit samtakanna***

Ályktanir um breytingar á samþykktum samtakanna skal samþykkja á félagsfundi þar sem skulu vera fulltrúar að minnsta kosti þrjá fjórðu hluta atkvæða og að minnsta kosti tveir þriðju hlutar viðstaddra atkvæða skulu greidd með ályktuninni. Fari svo að fulltrúar fyrir þrjá fjórðu hluta atkvæða séu ekki á félagsfundinum en tveir þriðju hlutar viðstaddra fulltrúa hafi greitt atkvæði með ályktuninni, skal stjórnin boða til aukafélagsfundar eins fljótt og auðið er, þar sem hægt er að samþykkja ályktunina óháð fjölda atkvæða sem fulltrúar eru fyrir, ef tveir þriðju hlutar atkvæða eru greiddir með ályktuninni.

Ákvörðun um slit samtakanna verður aðeins tekin á aðalfundi með auknum meirihluta atkvæða þar sem skulu vera fulltrúar fyrir að minnsta kosti þremur fjórðu hluta atkvæða og að minnsta kosti tveir þriðju hlutar viðstaddra atkvæða skulu greidd með slitum samtakanna. Komi til slita skal eignum samtakanna skipt í réttu hlutfalli milli þeirra fyrirtækja sem aðild eiga að samtökunum við ákvörðun um slit.

Samþykkt á stofnfélagsfundi þann 26. október 2005, með breytingum á aðalfundi 21. mars 2007 (sjá nánar í fundargerð aðalfundar 2007) og með breytingum á aðalfundi 17. mars 2010 (sjá nánar í fundargerð aðalfundar 2010).